

## AUGLÝSING um skipulagsmál í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti á fundi sínum 3. júní 2021 eftirfarandi:

*Smáraflöt 12 – óveruleg deiliskipulagsbreyting Flata.*

Breytingartillagan nær til lóðarinnar Smáraflöt 12 og gerir ráð fyrir því að byggingarreitir stækki um 50 sm til vesturs en einnig að hluti húss verði skilgreindur sem ein og hálf hæð í stað einnar hæðar. Hæð viðbyggingar yfir gólfkóta húss er ekki hærri en hámarkshæð samkvæmt deiliskipulagi. Ákvæði er sett um gerð og staðsetningu glugga í því rými sem er hálfri hæð ofar en aðalgólf hússins.

Skipulagsstjóri Garðabæjar samþykkti á afgreiðslufundi 21. júní 2021 í samræmi við viðauka við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 20/2017 eftirfarandi:

*Golfvöllur í Urriðavatnsdölum, óveruleg breyting á deiliskipulagi.*

Breytingin felst í því að vegur sem sýndur er í deiliskipulagi sem „línuvegur færður til á kafla“ færist til norðvesturs þannig að þverun hrauns verði á sem stystum eða 55 til 60 metra kafla yfir óraskað hraun.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

*Garðabæ, 4. ágúst 2021.*

**Arinbjörn Vilhjálmsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 5. ágúst 2021